

# KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is



# Mannkind, ljós og gestur

Margir jólasálmur minna okkur á mikilvægi kristniboðsins. Þannig er með *Heims um ból*, sem mörg börn syngja án þess að skilja og jafnvel fullorðin fólk syngur án þess að hugsa mikið út í merkinguna. Sonur Guðs sem fæddist var „frelsun mannanna, frelsisins lind“ – hann kom til að frelsa, og það erindi átti hann við allt mannkyn, fyrr og síðar. Jesús kom sem frumglæði ljóssins á meðan mannkynið allt þekkti hann ekki, þ.e. gjörvöll mannkind lá meinvill í myrkrunum vegna þess að hún þekkti ekki ljósið. Með Jesú kom ljósið, ljós heimsins og hefur síðan breiðst út um heiminn. Verkefni lærisveina hans var að sinna því verki.

Erindi kristniboðsins er að boða fagnaðarerindi hins sanna ljóss heimsins sem

upplýsir hvern mann (Jóh. 1.9). Á jólum fögnum við komu þess. Margur sem lifði í myrkri sektar og skammar, vonleysis og ótta hefur heyrt fagnaðarerindið og eignast trú á Jesú. Því fylgir friður og von. Kristniboðsstarfið miðar að því að gera Jesú þekktan meðal þjóða heims, til að við getum hvert og eitt ákveðið á hverju við byggjum líf okkar og von.

Alla tíð, frá árunum í Kína á fyrri hluta liðinnar aldar, í Eþíópíu síðust 70 ár og í Keníu frá 1978 hefur þakklætið til kristniboðsvina borist frá starfssvæðum SÍK. Þakklætið fyrir að færa þeim boðin um Jesú, ljós heimsins, sem hefur í hugum margra verið mesta og besta hjálpin sem þeir gátu gengið. Enn skal minnt á það og komið til skila til ykkar allra sem beðið hafa

fyrir starfinu og gefið til þess svo unnt væri að senda kristniboða á vettvang og vera öðrum til margfaldrar blessunar. Við getum glaðst með systkinum okkar víða um heim þessi jól um leið og við syngjum hvert á sínum stað og á sinni tungu.

Tökum gjarnan tíma til að staldra við merkingu og boðskap jólasálmanna eins og að ofan segir. Annar jólasálmur hefur þetta erindi: „Hvert fátækt hreysi höll nú er, því Guð er sjálfur gestur hér.“ Fær Guð að vera gestur okkar þessi jól? Hann vill koma til okkar hvers og eins í heilögum anda sínum og dvelja hjá og innra með okkur. Guð gefi okkur öllum gleðileg jól og farsælt, blessunarrikt nýtt ár í samfélagi við sig.

Ragnar Gunnarsson



## Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafrósti til kristnibod@sik.is – annaðhvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafróstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjórn: Ragnar Gunnarsson og Sigríður Schram.

Útlit og uppsetning: Huguína Lena Hansdóttir.

Prófarkalestur: Friðrik Zimsen og fleiri.

Prentun: Prentun - Leturprent.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafróstur: sik@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Forsíðumynd: Ragnar Gunnarsson. Að lokinni guðsþjónustu í Chemollo, Pókot, Keníu.

## Hvað er kristniboð?

Kristniboð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðarerindið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleiksþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólk verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skólastarfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdeflingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniboða í Japan. Með þátttöku í öflugum fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynna Jesú Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálp veitir von og styrk.

Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lesefnis og birtingu á netinu. SÍK býður útflendingum ókeypis íslenskukennslu.

## Ejarmál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjárflyflun og sölu á nýttjarkaði Basarsins. Þjóðkirkjan styður starfið með árlegu framlagi, utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útflendinga.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 100 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarbærar til skatts.

## Gamlir seðlar og mynt skapa verðmæti

**Í grasrót kristniboðsstarfsins fer margt fram og margir leggja starfinu lið með kröftum sínum og tíma. Einn af þeim er Sigurjón Gunnarsson. Hann hefur verið virkur í starfi Kristniboðs-sambandsins frá unga aldri. Í dag hefur hann sérhæft sig í að koma gamalli mynt og seðlum í verð, sem fólk hefur komið með á Basarinn eða til Kristniboðssambandsins. Við vildum forvitnast aðeins um þetta hjá honum. Hvernig stóð á því að þú tókst þetta að þér?**

Ég hafði alltaf verið í sambandi við Jarle Reiersen bæði vegna frímerkjanna og peninga sem hann sá um að koma í verð fyrir Kristniboðið, en fyrir um 5 árum hafði hann samband við mig og spurði hvort ég gæti ekki tekið að mér að sjá um peningana, þ.e. gamla seðla og mynt innlenda og erlenda þar sem vinnan við frímerkin er mikil og gæti hann þá einbeitt sér betur að þeim. Ég samþykkti það og hef reynt að fá sem hæst verð fyrir það sem kemur inn af þessu.

**Hvers konar peningar eru þetta?**

Þetta eru allskonar gamlir seðlar innlendir og erlendir, einnig mynt bæði innlend og erlend. Einnig er þarna nokkuð af gildri erlendri mynt sem hefur safnast upp hjá fólk og er ánægt að geta komið í góðan farveg. Ég hef stundum tekið sjálfur með mynt þegar ég fer til útlanda eða reynt að koma þessu á þá sem ég veit að eru á ferðinni. Gömlu peningana, sem eru eftirsóttir af söfnurum, hef ég sett í sölu á uppboðsvefi. Einnig hef ég útbúið til sölu á Basarinn - bæði seðla og mynt.

**Fer ekki mikill tími í þetta?**

Það fer einhver tími í þetta en ég hef mikla ánægju af þessu og ekki skemmir að þetta kemur sér vel fyrir starf Kristniboðssambandsins. Fyrir myntina og seðlana voru þetta tæp 500 þúsund fyrsta árið hjá mér en hefur farið jafnt og þétt vaxandi og á síðasta ári kom tæp ein m.kr. fyrir seðlana og myntina. Í ár er þetta nú þegar orðin rúmlega milljón.



**Er eitthvað fleira sem fólk geymir og safnar sem getur orðið kristniboðsstarfinu til gagns?**

Ég vil hvetja alla sem eiga gamla peninga eða frímerki ofaní skúffum að henda ekki verðmætum heldur koma þessu á Basarinn eða til Kristniboðssambandsins þar sem þetta getur orðið öðrum til góðs. Frímerkin hafa skilað miklu undanfarin ár og í fyrra var metár en þá fengust rúmlega 4 m.kr. fyrir frímerkin. Einnig er hægt að koma ýmslu gömlu í verð sem safnarar hafa áhuga á t.d. gömlum hlutabréfum, ávísunum, barmmerkjum, merktum fyrirtækjapennum og ýmsum gömlum skjölum s.s. skuldabréfum, víxlum ofl.

## Málefni flóttamanna í brennidepli

Undirritaður sótti norræna flóttamanna-ráðstefnu í Kaupmannahöfn í lok október sem fulltrúi Kristniboðssambandsins og var reyndar í undirbúningsnefnd fyrir hana. Þessi ráðstefna varð til út úr árlegri evrópski ráðstefnu um málefni flóttamanna sem kennd er við „Hringborð“ og er haldin til skiptis í ýmsum löndum. Næsta slík ráðstefna verður í Malaga á Spáni 10. – 14. mars 2025 og er opin áhugafólki um málefni hennar. Málefni flóttamanna hafa vaxið að umfangi á undanföllum árum í löndum Evrópu enda er fjöldi flóttafólks orðinn mikill í álfunni.

Ýmis kristileg félög og kirkjur hafa rekið starf á meðal flóttafólks um árabíl á Norðurlöndunum en víða ríkir því miður mikið tómlæti gagnvart þessum málaflökki. Kristniboðsfélög í Danmörku, bæði þau sem vinna á erlendri grund og sem leggja áherslu á starfið heima, reka öflugt starf á þessum vettvangi en Þjóðkirkjan reynir að skapa vettvang fyrir slíkt starf í söfnuðunum. Finnar sendu öflugt lið Þjóðkirkjufólks sem hefur rekið starf á meðal flóttafólks í mörg ár með góðum árangri. Mjög fróðlegt var að hlusta á fyrirlitsfyrirlestra um starfið í hverju

Norðurlandanna fyrir sig og við getum lært margt af bræðrum okkar og systurum þar. En íslenskunámskeið SÍK og starf sem tengist því er mjög til fyrirmyndar.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Samuel Luak frá Finnlandi. Hann kom þangað fyrir mörgum árum sem unglingur á flótta frá stríðsátökum í S-Súdan og lærði lögfræði. Hann starfaði þó ekki lengi við fagið heldur hefur hann einbeitt sér að starfi á meðal kirkna sem vilja opna dyr sínar fyrir flóttafólki og innflytjendum. Nú starfar hann í Bretlandi þar sem hann nær til fleiri. Hann vinnur hjá mjög athyglisverðum samtökum sem kallast „Welcome Churches“ en hægt er að fræðast um samtökin á netinu. Eitt af því sem þau gera er að hjálpa fólk að finna söfnuði í borgum eða bæjum þar sem það er statt, sem vilja taka vel á móti útflendingum. Hann er mjög vel að sér um aðstæður í löndum Afríku og fróðlegt var að spjalla við hann um málefni álfunnar. Hann talar ýmis tungumál m.a. arabísku og þekkir íslam vel frá heimalandi sínu og eftirsóttur ráðgjafi.

Samuel fjallaði um það hvernig söfnuðir geti unnið markvisst að því að opna dyr sínar og skapað þannig menningu að

aðkomufólk dragist að þeim og líði vel í samfélaginu þar. Margt af því sem hann fjallaði um hefði átt erindi við presta og sjálfboðaliða almennt í söfnuðum á Íslandi.

Ráðstefnugestir voru allir starfsfólk sem vann á meðal flóttafólks og innflytjenda. Fjöldinn var aðeins um 40 þannig að fólk náði að kynnast en það, að kynnast fólk og skapa tengsl, er eitt af því dýrmætasta við ráðstefnur sem þessa. Gott var að geta deilt Guðs orði og beðið saman og hvert fyrir öðru. Þegar ráðstefnan var gerð upp var lagt til að a.m.k. einn dagur hennar væri um helgi svo að sjálfboðaliðar í landinu þar sem hún er haldin hefðu tækifæri til að taka þátt. Tillit verður tekið til þessa á næstu ráðstefnu sem haldin verður í Bergen í Noregi 25. – 27. september á næsta ári. Undirbúningsnefndin hafði á orði að spennandi væri að fara síðan til Íslands. Það kemur í ljós.

Um 20% íbúa Íslands fæddust í öðrum löndum. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessa fólks í skipulagningu kirkjustarfs þannig að nærvera þessa fólks endurspeglst í starfi safnaða og kristilegra félaga.

*Kjartan Jónsson*

# Kristniboðsfélag kvenna 120 ára

Á dögunum náði Kristniboðsfélag kvenna þeim stórmerka áfanga að verða 120 ára. Afmælinu var fagnað með hátíðarkaffi og sérstakri afmælis dagskrá. Félagið hefur starfað nær óslitið alveg frá stofnun og er enn öflugt í að afla fjár til kristniboðs og biðja fyrir kristniboðum. Hér á eftir er stiklað á stóru í sögu félagsins.

Kristniboðsfélag kvenna var stofnað 9. nóvember 1904 og mun það vera eitt elsta kvennafélag Íslands. Stofnfundur félagsins var haldinn á heimili ungra hjóna, Guðrúnar Lárusdóttur og Sigurbjörns Á. Gíslasonar. Móðir Guðrúnar, Kristín Pétursdóttir, hafði kynnst trúboðsfélagi kvenna í Danmörku sem safnaði fé til að styrkja kristniboð á Indlandi og víðar. Kristín var því aðalhvatamaður að stofnun trúboðsfélags kvenna á Íslandi ásamt systur sínum þremur og tveimur dætrum. Brátt náði félagatalan nokkrum tugum og hafa félagskonur verið um 40-50 talsins í gegnum tíðina.

Ætla má að flestar kvennanna sem komu saman fyrir 120 árum síðan hafi lítið vitað um kristniboð og tók það nokkurn tíma fyrir félagið að finna sér farveg sem gæti sem best stutt við þetta málefni. Fyrstu árin sendu þær fjármuni til áður nefnds trúfélags í Danmörku. Árið 1917 barst félaginu bréf frá 19 ára gömlum dreng ofan úr Borgarfirði sem var þá í kristniboðsskóla í Noregi og óskaði eftir að fara að námi loknu til Kína á vegum Íslendinga. Ungi maðurinn var Ólafur Ólafsson sem óskaði eftir stuðningi frá félaginu. Var nú sannarlega komið verkefni fyrir félagið og var stofnaður svokallaður Ólafssjóður. Sumarið 1919 kvaddi eina kristniboðsfélagið sem var starfandi á



*Afmælinu var fagnað með glæsilegum veitingum.*

landinu á þeim tíma, Kristniboðsfélag kvenna, fyrsta kristniboðann sem var sendur héðan til framandi lands til að boða Guðs orð. Síðan hefur það ekki vafist fyrir félagskonum hver tilgangur þess er, að styðja við starf Kristniboðssambandsins með fjármunum og bænnum.

Lengi hafði félagið ekki aðra tekjulind en félagsgjöld og gjafir félagskvenna. Smám saman hafa félagskonur fundið ýmsar aðferðir til að afla fjár fyrir starfið. Má þar nefna fjárflyunarsamkomur, basar, kaffisölu o.fl.

Í dag eru fundir sem fyrr hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann. Félagskonur koma saman í kaffi klukkan fjögur og svo tekur við um klukkutíma fundur. Oft koma gestir en annars sjá stjórnarkonur um stjórn og efni á fundunum. Félagsskapurinn er konunum dýrmætur og þar ríkir hlýja og kærleikur. Allar konur eru velkomnar á fundi þótt þær séu ekki meðlimir í félaginu. Það hefur einkennt félagið að þar eru

miklar bænakonur og er beðið fyrir starfi Kristniboðssambandsins hvort sem er hér á landi eða erlendis.

Á afmælisfundum félagsins þann 7. nóvember komu konurnar saman ásamt félögum úr Kristniboðsfélagi karla og fleiri góðum gestum til að fagna þessum merku tímamótum. Konur úr félaginu sögðu frá því hvers virði félagið er þeim, sagt var frá upphafi félagsins og lesin fundargerð frá fyrsta fundinum. Þá var tónlistaratriði og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir hafði hugleiðingu. Að venju var boðið upp á kaffi og gott meðlæti.

Þrátt fyrir háan aldur er félagið enn lifandi og virkt. Félagið er eins og starfið, borið upp af bæn, kærleika og hlýðni við boð Jesú Krists: „Farið því og gjörið allar þjófdir að lærisveinum...“

Allar konur eru velkomnar á fundi félagsins þótt þær séu ekki félagskonur. Fundir eru haldnir annan hvern fimmtudag í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu SÍK í síma 533-4900.



*Birna Gerður Jónsdóttir stiklaði á stóru úr sögu félagsins og las upp úr gömlum fundargerðum.*



*Félagskonur buðu gestum úr Kristniboðsfélagi karla á afmælisfundinum.*

# Þakklæti frá systkinum í Keníu

Undirritaður hélt í 24 daga ferð til Keníu í lok október til að taka þátt í endurmenntunarnámskeiðum starfsfólks kirkjunnar og að fylgja eftir verkefnum á sviði menntunar sem utanríkisráðuneytið styrkir með 80% framlagi.

Verkefnin eru tvö, annað snýr að byggingu heimavista við fjóra framhaldsskóla í Pókotsýslu og hitt snýr að stuðningi við stúlkur í viðkvæmri stöðu í námi í framhaldsskólum og háskólum. Einnig er veittur stuðningur við skólastjórnendur með vinnustofum og fræðslu.

Bygging heimavistanna er langt komin og lýkur því verkefni snemma á næsta ári og hinu verkefninu lýkur um mitt næsta ár. Heimamenn létu í ljós mikið þakklæti fyrir þennan stuðning frá SÍK og íslenska ríkinu.

Haldin voru námskeið fyrir starfsfólk kirkjunnar í hvoru biskupsdæminu fyrir sig, en svæðinu var skipt í tvo hluta snemma árs. Í Chesta voru 84 þátttakendur og auk undirritaðs kenndu Erling Lundebý, kristniðóði í áraraðir í Pókot og Gideon Mumo sem lengi starfaði fyrir Norska kristniðóðssambandið í fjölmiðlun í Voi í

austurhluta landsins. Fjallað var m.a. um Nehemía, valda texta úr bréfum Nýja testamentisins og hvernig við getum sinnt andlegri heilsu okkar og annarra.

Seinna námskeiðið var haldið í Kapenguria og sóttu það 56 prestar. Efnið var svipað og við Erling kenndum þar. Hluti námskeiðsins fór í sáttamiðlun eftir spennu og deilur sem upp komu í tengslum við aðalfund biskupsdæmisins þar sem kosið var um embætti framkvæmdastjóra og gjaldkera. Allir fengu að segja hvað þeim misbauð, beðist var fyrirgefningar, málin gerð upp og allir sammála um að keppa eftir að lifa og starfa í sátt og friði. Mikil blessun hvíldi yfir öllu og náði samveran hámarki með máltíð Drottins síðasta kvöldið.

Auk þessa var fundað með forystu biskupsdæmanna, gjaldkera og bókara, starfsmönnum útbreiðsluverkefnis kirkjunnar og ýmsum öðrum. Margir komu til að leita aðstoðar vegna sjúkleika, lækni- og lyfjakostnaðar, skólapeninga barnanna og annars vanda sem fólk stendur frammi fyrir. Einn daginn var vinnustofa skólastjóra



framhaldsskóla, sem kirkjan tengist, en þátttakendur voru 50 talsins.

Víða eru söfnuðir að byggja sína kirkju og gengur hægt sums staðar. Beðið var um hjálp til að komast áfram eða ljúka kirkjubyggingum.

Með í för voru Nick og James Joransen sem tóku upp myndefni til notkunar í starfinu en ætlan þeirra er að gera heimildarmynd um starf SÍK í Keníu frá árinu 1978. Þeir kynntu sér einnig sunnudagaskólastarf kirkjunnar og fleira. Einnig voru Bryndís Róbertsdóttir, starfsmaður á skrifstofu SÍK og Salóme Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur og Ástráður Sigurðsson með í för til að kynna sér starfið og má lesa frásögu þeirra síðastnefndu annars staðar í blaðinu.

Víða var undirritaður beðinn um að skila kveðjum til stjórnar SÍK og kristniðóðsvina með þakklæti fyrir að hafa komið með fagnaðarerindið og margvíslega hjálp og stuðning á liðnum áratugum. Sérstakar þakkir voru tjáðar fyrir að hafa fengið að taka þátt í námskeiðunum sem voru til uppörvunar og hvatningar á margan hátt. Þátttakendur greiddu fyrir ferðir en námskeiðin voru að öðru leyti kostuð af SÍK.

*Ragnar Gunnarsson*



# Jólakveðjur og fréttir frá Kobe, Japan

Kæru kristniðóðsvinir,

Í sumar dvöldum við lengur en venjulega heima á Íslandi til að hjálpa Hannesi, syni okkar, að flytjast til landsins og byrja í háskólanum. Það var gott að hafa tækifæri til að fylgja honum úr hlaði og hjálpa honum að aðlagast íslensku samfélagi. Það var áhugavert að uppgötva hversu stafrænt íslenskt samfélag er orðið – snjallsíminn og öppin sem honum fylgja eru orðnir ómissandi hluti af daglegu lífi. Eftir óeðlilega kalt sumar á Íslandi kom það okkur á óvart hversu hlýtt haustið í Japan var. Það var ekki fyrr en í nóvember að það fór loks að kólna.

Nýafstaðnar alþingiskosningar í Japan gáfu skýrt til kynna vaxandi óánægju almennings með forystu Frjálslynda lýðræðisflokksins undanfarin ár. Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn, sem hefur verið við völd næstum samfelld síðan stofnun hans árið 1955, hefur átt undir högg að sækja vegna stöðnunar í efnahagsmálum, vaxandi verðbólgu og veikingu jensins. Stjórnarandstöðuflokkarnir juku fylgi sitt verulega, sem endurspeglar vaxandi vilja yngri kjósenda til breytinga og umbóta. Shigeru Ishiba, nýr leiðtogi Frjálslynda lýðræðisflokksins, tók við sem forsætisráðherra og hefur átt í miklum vandræðum með að mynda starfshæfa ríkisstjórn. Hann er níundi forsætisráðherra Japans sem er kristinn, sem er áhugavert í ljósi þess að einungis um 1% þjóðarinnar er kristið. Biðjið fyrir nýju ríkisstjórninni og að



Guð gefi leiðtogum þjóðarinnar visku til að stjórna með skynsemi.

Næsta ár markar tíunda árið sem við höfum starfað hér í söfnuðinum á Rokkoeyju. Við erum þakklát fyrir þau vináttubönd sem við höfum myndað á þessum tíma. Reynslan hefur kennt okkur að það tekur tíma og þolinmæði að mynda vináttu og traust fólks hér í Japan. Margir líta á kristna trú með tortryggni og telja þetta vera erlend áhrif sem falla illa að menningu Japans.

Í haust komst eldri kona til trúar. Hún hafði ásamt manni sínum og syni komið nokkrum sinnum í kirkjuna áður en hún tók þessa ákvörðun. Sonur hennar, sem er trúaður, hafði hvatt þau mjög til að koma, enda hefur hann verið að biðja fyrir þeim. En þessi ákvörðun vakti ekki eins mikla ánægju hjá öðrum fjölskyldumeðlimum sem ekki eru trúaðir. Þetta er ekkert einsdæmi þegar einstaklingar komast til trúar. Viðbrögð annarra fjölskyldumeðlima geta verið svo margvísleg, allt frá harðri andstöðu og reiði til hlýrra og opinna viðtaka sem leiða til trúar.

Yuto, ungi maðurinn sem komst til trúar í fyrra, hefur verið duglegur að vitna um trú sína. Nú hefur móðir hans einnig frelsast. Þetta minnir okkur á hversu mikilvægt það er að leggja ekki árar í bát þótt maður mæti mótvindi. Páll postuli ritar í 6. kafla, 9. versu Galatabréfsins: „Þreytumst ekki að gera það sem gott er því að á sínum tíma munum við uppskera ef við gefumst ekki upp.“ Þessi orð hvetja okkur til að halda ótrauð áfram og láta ekki andstöðu draga úr okkur kjarkinn. Guð hefur kallað okkur til að deila fagnaðararindinu með öllum þjóðum. Það er ástæðan fyrir því að við leggjum það á okkur að búa meðal fólks sem talar önnur tungumál, hefur aðra menningu og gildi.

Bæði sunnudagaskólinn og unglíngastarfið eru að ganga í gegnum breytingar. Tveir af reyndustu leiðtogum sunnu-



dagaskólans eru að hætta eftir margra ára þjónustu og tveir nýir eru að taka við. Við erum þakklát fyrir trúfasta þjónustu þeirra. Það er sannarlega blessun að hafa marga sjálfbóaliða sem geta lagt hönd á plóginn. Unglingastarfið er aftur komið í gang, en í stað þess að hittast á föstudagskvöldum munum við hittast á sunnudagskvöldum. Þetta er vegna þess að tveir unglingar, sem byrjuðu í framhaldsnámi í vor, eru í skóla einnig á laugardögum. Skólakrakkar í Japan eru mjög uppteknir og við viljum ná til þeirra með fagnaðarerindið og skapa þeim gott umhverfi í kirkjunni. Biðjið fyrir bæði sunnudagaskólanum og unglingastarfinu.

Í byrjun nóvember sótti Katsuko námskeið á vegum Norska kristniboðsins (NMS og NLM) sem haldið var í Indónesíu. Fólk frá ýmsum löndum í Asíu kom saman á þessu námskeiði til að efla samstarf og deila hugmyndum um hvaða aðferðir væru bestar til að styrkja staðbundnar kirkjur og samfélög. Þetta er nýtt verkefni sem kallast „Use Your Talents - Asia.“ Þetta verkefni var upphaflega á vegum NMS í Madagaskar og sækir innblástur í eina af dæmisögum Jesú—dæmisagan um talenturnar í 25. kafla Matteusarguðspjalls. Þetta námskeið er hannað til að hvetja fólk til að uppgötva og nýta hæfileika sína og aðrar gjafir í þjónustu við Guðs ríki. Í vor ætlum við að kynna þetta námskeið fyrir söfnuðinum okkar á Rokkoeyju. Markmiðið er að hvetja fleiri meðlimi til að nota hæfileika sína til að taka virkari þátt í starfi Guðs hér í Japan.



Katsuko hefur einnig verið beðin um að taka við sem gjaldkeri fyrir Norska kristniboðið hér í Japan. Hún mun sjá um bókhaldið og vinna á skrifstofu þeirra hér í Kobe. Biðjið fyrir henni núna þegar hún tekur við þessu starfi.

Við sendum ykkur öllum gleðilegar jólakveðjur. Með þökk fyrir fyrirbærni og allan stuðning. Bæni ykkar og kærleikur viðhalda köllun okkar. „Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð hans, dýrð sem sonurinn eini á frá föðurnum.“

*Kveðja,  
Leifur, Katsuko, Hannes, Lilja og Elín*



## Jólagjöf til kristniboðsins

Eins og mörg undanfarin ár birtast valkröfur í heimaböngum áskrifenda Kristniboðsfréttar þessar vikurnar. Valkrafan er send til hvatningar og til að auðvelda gjöf til kristniboðsins í aðdraganda jóla.

Undirritaður er nýkominn heim eftir tæplega fjögurra vikna ferð til Keníu. Eins og oft áður undrast maður ávöxtinn sem Guð hefur gefið og kraftinn í starfinu. Fagnaðarerindið hefur breytt lífi fjölmargra og skapað löngun til að fleiri eignist þann fjársjóð. Fagnaðarerindið hefur einnig rutt brautina fyrir ýmsar framfarir, svo sem skólastarf, afnám umskurðar stúlkna, ótímabær og/eða þvinguð hjónabönd og fleira má telja til. Hópur innlendra presta sinnir boðun á nýjum svæðum undir merkjum útbreiðsluverkefnis kirkjunnar, sem SÍK fjármagnar að mestu. Þar eru „okkar“ kristniboðar að verki og ná langt út fyrir Pókot hérað, inn í Úganda, Túrkanu og Baringo til afskekktara svæða þar sem Jesús er lítið eða ekkert þekktur. Þetta er mögulegt vegna gjafa stuðningsaðila og kristniboðsvina sem greiða veg fagnaðarerindisins í Suður-Érípíu, í Japan, meðal farsimælandi flóttamanna í London og með útsendingum sjónvarpsstöðvanna Sat7 og Pak7. Jólagjöf til kristniboðsins fer í að færa öðrum tíðindin sem hljómuðu á Betlehemsvöllum: „Yður er í dag frelsari fæddur“.

Upphæð valkröfunnar er 5.000 krónur eins og var með útsendar valkröfur í vor. Samanlagt eru það 10 þúsund krónur sem er lágmarksframlag til samtaka á almannahéllaskrá til að nýta sér skattafslátt við uppgjör skattaframtals. Vilji einhver gefa minna eða meira er gjafareikningurinn 0117-26-002800 og kennitalan 550269-4149.

Drottinn blessi þig og þína og gefi ykkur öllum gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

*Ragnar Gunnarsson  
framkvæmdastjóri*



## Tíunda starfsár íslenskukennslunnar Margir ánægðir nemendur

Við tókum nokkra nemendur tali og spurðum þá út í kennsluna.



### Hvað heitir þú og hvaðan ertu?

Ég heiti Aziz og kem frá Afganistan.

### Hvað hefur þú verið lengi í íslenskukennslunni og hvers virði er hún þér?

Ég hef verið í íslenskukennslunni í þrjú ár. Það er mér mjög mikils virði að koma í hingað í kennsluna og vil halda því áfram. Þetta er góður staður og góð kennsla.



### Hvað heitir þú og hvaðan ertu?

Ég heiti Nadia og er frá Marokkó.

### Hvað hefur þú verið lengi í íslenskukennslunni og hvers virði er hún þér?

Ég kom til Íslands í febrúar 2021 og hef verið næstum fjögur ár hér á námskeiðum. Mér finnst námskeiðið mjög gott og það er gaman að læra íslensku. Ég vil halda áfram að læra meira og meira og meira.



### Hvað heitir þú og hvaðan ertu?

Ég heiti Diana og er frá Sýrlandi.

### Hvað hefur þú verið lengi í íslenskukennslunni og hvers virði er hún þér?

Ég hef verið í íslenskukennslunni í um þrjú ár. Það er mjög gott að læra íslensku af því að ég bý hér á Íslandi svo ég þarf að tala, skrifa og skilja íslensku. Það er mjög gott að læra íslensku í SÍK af því að kennararnir eru mjög góðir og það kostar ekkert. Önnur námskeið eru oft dýr svo það er gott að það kostar ekkert hjá SÍK. Manni finnst maður vera meðal systkina og fjölskyldu því ég finn fyrir mikilli samkennd. Samskiptin á milli kennara og nemenda eru mjög góð.

## Basarinn til blessunar

Starfið á Basarnum hefur gengið mjög vel á árinu sem er að líða. Við fáum nóg inn af vörum og erum gefendum afskaplega þakklát. Hlutverk sjálfbóðaliða er einnig mjög mikilvægt og Basarinn gengi ekki svona vel nema fyrir þeirra störf. Hjá okkur eru starfandi 12 sjálfbóðaliðar. Þeir eru virkir í nær öllu sem fram fer á markaðnum; fara yfir vörur sem koma inn, flokka og setja fram í verzlunina. Svo eru það samskipti þeirra við viðskiptavinum okkar. Allt hluti af starfsemi Basarsins.

Viðskiptahópur okkar hefur stækkað mikið og salan aukist, ekki minnst í fatasölunni. Við státum okkur af því að vera með eitt bezta verð á fatnaði þó víðar væri leitað. Við seljum t.d. jakkaföt á kr. 3.000,- sama hvaða merki þau bera. Sama gildir um kjóla, þeir kosta aðeins kr. 1.300,- hver. Þannig glöddum við ungan mann um daginn. Hann keypti hjá okkur jakkaföt,

sem kosta um 150 þúsund krónur ný, á 3 þúsund krónur! Hann ljómaði þegar við tjáðum honum að við færum ekki í „fatagreinar álit“. Jakkaföt væru bara jakkaföt!

En einn mikilvægasti þáttur starfsins eru samskiptin við vini Basarsins. Þeir koma og ræða málin við okkur. Beztu augnablikin eru þegar þeir leita til okkar um leiðsögn og fyrirbæn. Þeir eru ekki ófáir sem það hafa gert í gegnum tíðina. Vitandi að Guð getur notað okkur, Basarinn og starfsfólkið allt, öðrum til blessunar er hið mikilvægasta í okkar huga.

„Kalli! Geturðu beðið fyrir nágretta mínum? Hann datt og brotnaði illa. Hann glímur einnig við mikinn ótta og kvíða, sem afleiðingu slyssins.“ Svo stígur bæn upp til hins Himneska Föður um náð og miskunn til handa hinum þjáða.

Svo megum við ekki gleyma fíklum og öðrum andlega veikum sem hingað koma.

Í hvert sinn sem þeir koma biðjum við fyrir þeim. Einn þeirra kom um daginn. „Kalli! Mér finnst ég vera elskaður hér! Hvergi annars staðar upplifi ég umburðarlyndi sem hér. Guð blessi ykkur!“

Enn einn vinur okkar kom. Ég kvaddi hann með orðunum: „Guð blessi þig og varðveiti!“ Tveim dögum seinna kom hann aftur. „Kalli! Veiztu að þegar þú baðst mér blessunar þá gerðist eitthvað! Mér hafði liðið svo illa, en þessi blessunarorð lýstu mér. Þau breyttu þungum degi í dag gleði og þakklætis. Takk!“

Það er svo stórkostlegt að fá að taka þátt í starfinu á Basarnum. Fá að vera eins og fingurgómar Drottins, snerta hjörtu fólks, vera til blessunar. Ekki með látum og hávaða, miklu frekar í hljóðlátu amstri hversdagsins.

Karl Jónas

# Kjarni kristinnar trúar

Nú er hún fáanleg sem kilja og rafbók!



[saltforlag.is](http://saltforlag.is)

# Starfað meðal flóttafólks frá Íran í London



Janet og Mehran

**Hjónin Janet Sewell og Mehran Mohamed Razi starfa sem kristniboðar í London. Hér kemur frásögn þeirra af verkefnum og tækifærum þess.**

Starfið sem við vinnum í London er kirkjustarf meðal íranskra flóttamanna og hælisleitenda meðal fólks sem hefur flúið Íran af ýmsum ástæðum og vill setjast að í Bretlandi. Sumir voru kristnir í Íran og þurftu að flýja vegna trúarofsókna, aðrir urðu kristnir á ferð sinni til Bretlands, sumir kynntust Guði í kirkjunni okkar, á meðan aðrir eru hér til að fræðast meira um Jesú. Þetta þýðir að flestir í söfnuðinum eru annað hvort ungir í trúnni eða forvitnir um kristna trú, sem endurspeglar raunveruleika írönsku kirkjunnar, en hún er í dag er talin sú kirkja í heiminum sem vex hraðast. Þetta þýðir

að við höfum gríðarleg tækifæri og mikla ábyrgð. Tækifærin tengjast því að þjóðin er að upplifa vakningu og það er auðvelt að deila fagnaðarindinu með þeim og það fellur í frjóa jörð. En það er líka gríðarleg ábyrgð þar sem nú þarf að „gera þá að lærisveinum“ og sinna þeim. Þegar allur trúarlegur grunnur manns byggir á íslam, hvað þýðir þá að vera kristinn? Hvernig lítur samband við himneskan föður út? Hvað þýðir frelsi í Kristi í raun og veru?

Hingað til hafa um 600 Íranir komið í kirkjuna okkar – sem í eðli sínu er mjög hreyfanleg og síbreytileg – aðallega flóttamenn og hælisleitendur og yfir 100 þeirra tekið skírn. Skírnin er stórt skref og allir sér vel meðvitaðir um það. Síðasta skírnarathöfn okkar var haldin í apríl 2024 þar sem 32 einstaklingar voru skírðir. Fyrir þetta erum við afar þakklát og auðmjúk.

## Tími umskipta

Nú erum við á tímamótum. Frá því við komum til Bretlands árið 2019, fyrir rúmum fjórum árum, höfum við starfað með kirkju sem heitir Trinity Church Central London (TCCL). Hins vegar tók forysta TCCL þá erfiðu ákvörðun í febrúar á þessu ári að biðja okkur, sem söfnuð, að yfirgefa kirkjuna. TCCL nefndi tvær ástæður fyrir þessari ákvörðun. Sú fyrri er að TCCL, bæði móðirkirkjan og nýlega stofnuð kirkja, sem vinnur aðallega meðal ungs fagfólks og námsmönnum í London, hafði ekki lengur burði til að fjármagna ört stækkandi íranska söfnuðinn. Seinni

ástæðan er vaxandi áhyggjur þeirra af meðmælabréfunum sem við þurfum að skrifa fyrir hönd hælisleitenda, þar sem fram kemur að þeir hafi verið í kirkju og séu kristnir. Þetta er nauðsynlegt vegna umsókna þeirra um alþjóðlega vernd og hjálpar þeim fá að vera í Bretlandi af trúarlegum forsendum. TCCL gaf okkur frest til september á þessu ári til að finna annan stað til að stunda trúariðkun.

Við teljum mikilvægt að leggja áherslu á að gott samband ríkir enn milli okkar og leiðtogateymis TCCL, og að allir eru leiðir yfir því að þetta skyldi gerast. Aðskilnaðurinn byggir á hagnýtum, fjárhagslegum og lagalegum ástæðum, frekar en persónulegum. Það hefur verið mjög erfitt fyrir okkur og söfnuðinn okkar að skilja við enska fjölskyldu okkar eftir fjögurra og hálfis árs samvinnu og sameiginlegar tilbeiðslu, en við trúum því öll að Drottinn sé að verki.

## Hvað er næst?

Þessi umskipti hafa gefið okkur tækifæri til að móta okkar eigin sjálfsmynd! Við erum nú kölluð Home Church London! Nafnið var valið af ýmsum ástæðum. Fyrst og fremst viljum við, sem kirkja sem þjónar flóttafólki sem hefur misst heimili sitt, vera staður sem þau geta kallað heimili. Við getum aldrei komið í stað fjölskyldunnar sem þau hafa misst, en við getum orðið ný fjölskylda í þessu landi þar sem við erum öll útlendingar – heimili að heiman. Í öðru lagi er sanna heimili okkar ekki hér, heldur



Skírn



í Kristi og hans ríki. Í þriðja lagi vildum við benda á heimakirkjuhreyfinguna sem er útbreidd í Íran. Ör vöxtur kirkjunnar í Íran er vegna neðanjarðarnets lítilla heimakirkna víðs vegar um landið. Með þessar þrjár hugmyndir að leiðarljósi varð Home Church London að veruleika!

Í dag erum við enn að vinna að lagalegu hliðinni. Við þurftum fyrst að finna trúnaðarmenn fyrir kirkjuna og það hefur tekist! Sumarið 2024 fengum við þrjá frábæra menn til liðs við okkur í stjórn og héldum fyrsta fundinn okkar þriðjudaginn 25. júní. Sumir trúnaðarmannanna höfðu aldrei hist áður, þannig að þetta var dýr-mæt stund til að kynna og hefja vinnu við að móta samþykktir og takast á við lagaleg atriði til að verða skráð góðgerðarsamtök. Þetta var stór áfangi og og við erum afar þakklát Drottni fyrir það. Nú erum við að leita eftir lögfræðiráðgjöf um næstu skref.

Þökk sé Guði, okkur tókst í september að finna stað til að hittast. Hins vegar komumst við að því nýlega, núna í nóvember, að þeir vilja líka að við förum. Söfnuðurinn þeirra er að stækka og þeir þurfa að nýta húsnæðið sitt fyrir eigin starfsemi eftir guðsþjónustur á sunnudögum. Þannig að nú liggur fyrir að í febrúar missum við safnaðarheimilið okkar aftur. Þetta er mikið bænarefni, því þegar við flytjum missum við oft fólk úr söfnuðinum. Þegar við fluttum frá TCCL í núverandi

byggingu okkar misstum við um það bil 25 manns. Við höfum hægt og rólega verið að endurbyggja söfnuðinn með nýju fólki sem kemur vikulega, en vitum ekki hvaða áhrif þessi flutningur mun hafa á hann. Við höfum nú hafið leitina að nýju safnaðarheimili og eigum nokkra fundi í vændum sem gætu leitt til lausnar. Þetta er mikilvægt fyrirbænaefni sem við vonum að sem flestir taki þátt í að biðja um góða lausn. Við erum í friði og treystum að Drottinn mun leiða okkur þangað sem við þurfum að fara næst.

Það má líka biðja fyrir fjármálunum okkar. Guð sé þökk, við hjónin höfum fullan fjárstuðning en við þurfum fjármagn fyrir kirkjuna sjálfa. Guð hefur leitt fólk inn í líf okkar sem getur hjálpað okkur en við biðjum fyrir fleiri stuðningsaðilum til að koma og styðja þetta starf. Sem kirkja flóttamanna og hælisleitenda er líklegt að þessi kirkja verði ekki sjálfbær um ókomin ár, ef nokkurn tíma.

Við erum afskaplega þakklát fyrir allan stuðninginn ykkar! Allar bænir ykkar og fjárhagslegur stuðningurinn hefur verið ómetanlegur í því starfi sem við erum að vinna hér í London. Það var líka mikil hvatning að fá félagi á SÍK og Salti í heim-sókn í nóvember! Við áttum yndislega helgi saman þegar við skoðuðum London og þau fengu að heimsækja kirkjuna. Við þökkum ykkur öllum hjartanlega!

## Kristniboðar frá Konsó með stuðningi SÍK

Fyrr á þessu ári fékk stjórn SÍK fyrirspurn frá kristniboðsdeild Mekane Yesu kirkjunnar í Eþíópíu hvort hún sæi sér fært að styðja við bakið á fjölskyldu sem farin er til starfa í Vestur-Afríku. Stjórnin samþykkti skuldbindingu til þriggja ára.

Hann er hjúkrunarfræðingur og með BA próf í kristniboðsfræðum og hún er kennaramenntuð. Þau fóru fyrst til Fíla-beinsstrandarinnar en héldu síðan til Chad í málanám.

Samstarf sem þetta er ein af áherslum Lausannehreyfingarinnar sem hélt 4 heimsping sitt í Suður-Kóreu í haust. Til að ná að uppfylla boð Jesú um að fara og boða öllum þjóðum og þjóðarbrotum fagnaðarerindið þarf aukið samstarf. Það getur m.a. verið með þessum hætti, að við sem höfum fjármagn en ekki fólk styðjum við starf sem hefur fólk en ekki fjármagn. Saman náum við lengra.

Fjölskyldan kemur frá Konsó í Eþíópíu og edlileg tengsl SÍK við það svæði nú þegar 70 ár eru liðin frá því fyrstu íslensku kristniboðarnir settust þar að.

## Vel gengur að byggja – fjórar heimavistir brátt tilbúnar í Pókothéraði í Keníu

SÍK hlaut í vor styrk til að byggja fjórar heimavistir við fjóra framhaldsskóla í Keníu og hefur verkefnið gengið mjög vel. Flestar byggingarnar eru langt komnar en eftir að ganga frá ýmsu, ekki síst að útvega og koma fyrir rúmum fyrir nemendurna.

Með þessum heimavistum batnar mjög aðstaða þeirra nemenda sem njóta þeirra og væntingar um að það skili sér í bættum námsárangri eru raunhæfar. Verkefnið er upp á næstum 25 milljónir króna og fjármagnar Utanríkisráðuneytið 80%.

Annað minna verkefni sem felur í sér stuðning við skólastjóra og skólustyrki fyrir stúlkur er styttra komið en er komið af stað og lýkur á fyrri hluta næsta árs. 40 stúlkur fá styrk til framhaldsskólanáms og 10 nemendur til háskólanáms. Stuðningur við skólastjórnendur er einkum með vinnustofum, fræðslu, þjálfun og samtali og samvinnu þeirra á milli. Kostnaður þess verkefnis er um 5 milljónir og gildir sama um framlag ráðuneytisins með það.

## Fróðleg heimsókn til Janetar og Mehrans

Í nóvemberlok sl. fór 12 manna hópur úr Salti kristnu samfélagi í helgarferð til London til að heimsækja fulltrúa Kristniboðssambandsins þar, þau Janet og Mehran, en Janet er meðlimur Salts. Ferðin var mjög ánægjuleg, lærdómsrík og samfélagsefandi. Við heimsóttum mörg af helstu kennileitum borgarinnar og nutum þess að vera ferðamenn. Það var mjög gefandi að fara ásamt leiðsögumanni um „City“, elsta hluta miðborgarinnar. Þar eru margar helstu fjármálastofnanir landsins og við fengum fræðslu um líf og áhrif trúaðra manna sem störfuðu þar, flestir á 19. öld, og höfðu mikil áhrif á samtíð sína. Einn þeirra var John Newton sem samdi sálminn Amazing Grace. Hann var þrælakaupmaður og sigldi með fólk í fjötrum frá Afríku til Vesturheims. Eftir að hann eignaðist trú á frelsarann varð hann prestur og samdi hann þennan stórkostlega sálm um Guð, sem gat elskað mann eins og hann sem hafði svo margt á samviskunni. Við enduðum ferðina í kirkjunni hans, sem m.a. William Wilberforce sótti. Hann barðist alla ævi fyrir afrnámi þrælahalds, lengst af á breska þinginu, en um hann var líka fjallað á fræðslugöngu okkar. Leiðsögumaðurinn var trúaður maður og er sjálfur þátttakandi í kristniboðsstarfi á meðal múslímskra Bengala í London. Slíkt starf krefst mikillar þolinmæði og úthalds og ávextir geta látið á sér standa eins og almennt er í starfi á meðal múslíma. Hann sagði mér



Leiðtogar í söfnuðinum í London

að starf Janetar og Mehrans væri orðið þekkt í borginni á meðal þeirra sem starfa á meðal múslíma vegna þess hve margir Íranir eignast kristna trú þar.

Hvergi í heiminum er jafnmikið fráfall frá ríkjandi trúarbrögðum og í Íran og fólk þaðan leitar mikið til kirkna þegar það kemur til Evrópu. Þar sem Mehran sjálfur

flýði frá Íran og hefur búið í flóttamanna-búðum þekkir hann líf flóttamanna frá fyrstu hendi og ýmsa erfðleika þeirra. Sjálfur eignaðist hann kristna trú í flóttamannabúðum en kristniboðsfélagið *Hellenic Ministries* í Grikklandi hafði talsvert starf á meðal fólks á flóttu. Janet starfaði einmitt hjá því félagi og þar kynntust



Samkomugestir

þau Mehran. Þau hjónin voru hvött til að flytja til London og hefja starf á meðal farsímælandi fólks í borginni en bæði Afganir og Íranir tala það mál. Fljótlega myndaðist söfnuður fólks, aðallega frá Íran. Mehran virðist ná einstaklega vel til landa sinna sem koma margir í kirkjuna. Allt fer fram á farsí og Mehran prédikar á því máli. Nýtt fólk tekur trú í hverjum mánuði og skírt er reglulega.

Áður en við heimsóttum söfnuðinn áttum við hópurnar góða kvöldstund á nýju heimili þeirra hjóna og fengum að njóta fráberrar gestrisni þeirra. Þau sögðu okkur frá starfinu sínu og deildu bænarefnum með okkur.

Það var mjög fræðandi að heimsækja söfnuðinn og taka þátt í samkomu þar. Þegar við töluðum við fólk varð okkur ljóst að saga margra var átakanleg. T.d. töluðum við við mann sem hafði verið lengi í flóttamannabúðum í Grikklandi og hafði búið í London í um hálf t. Hann hafði hvorki séð eiginkonu sína né börn í sjö ár. Hann vonaðist til að fá vernd í Englandi og eftir það að fá að sameinast fjölskyldu sinni. En ekkert er öruggt í þeim efnum. Maður fékk tilfinningu fyrir að vera kominn á kristniboðsákur við að heimsækja þennan unga söfnuð.

Söfnuðurinn á vini. Hjón frá Kólumbíu annast barnastarf fyrir þau fáu börn sem sækja kirkjuna og líta á það sem kristniboðsstarf sitt. Sama er að segja um konu frá Bosníu sem elskar þetta starf og tekur þátt í því af lífi og sál.

Mehran er eini launaði starfsmaður safnaðarins. Hann reynir að þjálfa nýtt fólk til ýmissa starfa en yfirvöld hafa þá stefnu að flóttafólk, sem hefur sótt um vernd, fær ekki að vera á sama stað nema í nokkra mánuði áður en það er flutt til annarra borga. Þetta hefur verið starf safnaðarins fjötur um fót. Eins hefur söfnuðurinn verið á hrakhólum eins og fram kemur annars staðar í blaðinu. Rask af þessu tagi er slæmt fyrir ungan söfnuð. Þörf er fyrir aðstoðarfólk í hlutastarfi því að fólk sem sækir söfnuðinn glímir við margs konar erfiðleika sem það leitar til kirkjunnar með. Mikil þörf er einnig fyrir sálgæslu.

Starf Mehrans einskorðast ekki við söfnuðinn heldur stjórnar hann tveimur vefkirkjum þar sem Íranir víða um lönd sækja.

Biðjum fyrir þessu kristniboðsstarfi okkar, fyrir Janet og Mehran, varanlegu húsnæði og fé til að hægt sé að ráða a.m.k. einn aðstoðarmann.

Kjartan Jónsson

## Framkvæmdastjórnarskipti



Ragnar Gunnarsson, núverandi framkvæmdastjóri SÍK tilkynnti stjórninni í fyrravetur að hann hygðist láta af störfum á komandi ári. Stjórnin ákvað að leita til Sigríðar Schram sem tók jákvætt í það að setjast í stól framkvæmdastjóra SÍK. Hún hóf störf sem starfsmaður SÍK í hlutastarfi 1. nóvember, verður í fullu starfi frá áramótum og tekur formlega við stöðu

framkvæmdastjóra 1. mars næstkomandi. Ragnar verður í starfi áfram fram í maí.

Sigríður Schram er 54 ára kennari og hefur undanfarin ár starfað við Dalskóla í Reykjavík. Hún hefur fengist við ýmiss konar kennslu og meðal annars kennt íslensku sem annað mál og sinnt verkefna- og stigsstjórnun. Hún stundar meistaranámi í stjórnun menntastofnanna sem hún stefnir á að ljúka síðar á árinu 2025. Hún hefur verið virk í kirkjustarfi í áratugi, einkum innan Íslensku Kristskirkjunnar. Sigríður er gift Ágústi Steindórssyni og eiga þau tvær dætur.

## Aðalfundur og dagsetningar sumarmóts

Stjórn SÍK boðar til aðalfundar sambandsins miðvikudaginn 23. apríl kl. 18 í Kristniboðssalnum við Háaleitisbraut í Reykjavík. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum eða lögum SÍK.

Fyrir fólk sem vill taka mið af sumarmóti SÍK að Löngumýri í Skagafirði þá er það á dagskrá helgina 18.-20. júlí.



**Bókin Lykilorð 2025**  
fæst m.a. á [lykilorð.is](http://lykilorð.is) og á Basarnum,  
nytjamarkaði Kristniboðssambandsins í Austurveri

# „Ómetanlegt að sjá bros á vörum“

Nú í haust fékk ungt par að slást í för með framkvæmdastjóra SÍK sem vitjaði kristniðóðsstarfsins í Pókot-héraði í Keníu. Það er því ekki úr vegi að leyfa lesendum Kristniðóðsfrétta að skygnast inn í líf þeirra og reynslu af heimsókn á akurinn.

## Hvert er fólkið?

Við erum Ástráður (Addi) Sigurðsson og Salóme Pálsdóttir, nýútskrifað par sem áttum það einstaka tækifæri að ferðast til bæði Suður-Afríku og Keníu í haust. Við útskrifuðumst bæði síðastliðið vor. Addi lauk námi í iðnaðarverkfræði og Salóme í hjúkrunarfræði. Okkur langaði að nýta tímann eftir útskrift áður en við festum okkur í vinnu til að kynnst nýjum menningarheimum og á sama tíma láta gott af okkur leiða. Á þessum tveimur stöðum fengum við að upplifa ólíkar áskoranir og lifnaðarhætti sem stækkaði verulega sjóndeildarhringinn okkar.

## Upphaf ferðalags: Suður-Afríka

Ferðin okkar hófst í Suður-Afríku þar sem við dvöldum í sex vikur og tókum þátt í starfi samtakanna Good Work Foundation. Þau samtök leggja áherslu á menntun barna í fátækum úthverfum. Okkar hlutverk var fjölbreytt. Við tókum þátt í kennslu, héldum fyrirlestra og aðstoðuðum á heimili fyrir börn frá brotnum heimilum. Það var sérstaklega gefandi að sjá hvernig þessi börn, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, voru full gleði með löngun til að læra og skapa sér betri framtíð.



Við vorum einnig virk í kirkjustarfi á svæðinu, sóttum messur á sunnudögum og kynntumst fólki sem tók okkur opnum örmum. Á þessum tíma í Suður-Afríku upplifðum við sambland af gleði og hörðum veruleika. Gleði einkenndi fólkið þrátt fyrir allar áskoranirnar sem þau þurfa að ganga í gegnum á hverjum degi.

## Frá Suður-Afríku til Keníu

Við höfðum lengi haft áhuga á að kynnst betur kristniðóðsstarfi. Það var því einstakt tækifæri að fá að slást í för með Ragnari Gunnarssyni og félagum til Keníu. Sú ferð bauð upp á nýjar áskoranir og innsýn. Það var áhugavert að sjá menningarmun í Keníu eftir að hafa verið sex vikur í Suður-Afríku. Okkur fannst tækniþróun í Keníu minni og þau væru minna tengd við vestræna heiminn. Sem dæmi er það mikið forgangsatríði þar sem við vorum í Suður-Afríku að eiga

snjallsíma og meira segja þeir fátækustu eiga snjallsíma þó þau eigi ekki fyrir mat. Hins vegar voru flestir í Kenía með takkasíma. Við fundum mun á öryggi milli staðanna og upplifðum okkur mun öruggari í Keníu til dæmis að labba ein um. Heimamenn í Keníu virðast líta mikið upp til hvíta mannsins sem við upplifðum ekki jafn mikið í Suður-Afríku. Þrátt fyrir menningarmun á ákveðnum sviðum eru löndin mjög svipuð að mörgu leyti. Þjóðirnar eiga það sameiginlegt að fólk var mjög brosmilt, alltaf stutt í hláturinn og dansinn. Heimamenn á báðum stöðum tóku mjög vel á móti okkur og sýndu mikla gestrisni.

## Daglegt starf í Vestur-Pokot

Hópurinn sem ferðaðist saman samanstóð af okkur, Ragnari (framkvæmdastjóra SÍK), Bryndísi (móttökuritari SÍK), Erling Lundebey (kristniðóða frá Noregi) og

bandarísku feðgunum Nick og James Joransen, sem voru að taka upp heimildarmynd um starfið. Ferðin í Keníu var skipulögð af Ragnari þar sem við heimsóttum ýmsa staði sem SÍK hefur styrkt. Heimsóknirnar gáfu okkur dýrmæta innsýn í hvernig kristniþoðið hefur hjálpað til við að byggja upp samfélög á svæðinu. Við sáum meðal annars skóla, heilsugæslustöðvar og vatnsverkefni sem öll hafa orðið til með aðstoð SÍK. Ásamt þessum heimsóknum hélt Ragnar námskeið í samstarfi við Erling. Þeir héldu bæði námskeið í Chesta fyrir presta, sem starfa þar í kring en einnig fyrir skólastjórnendur í Kapenguria. Salóme tók þátt í bólusetningu barna á heilsugæslunni í Chesta og í Kapenguria hélt hún fyrirlestur um andlega heilsu, kynfræðslu og ofbeldi gegn konum. Einnig hjálpaði Addi til við tækniþátt á skrifstofunni í Kapenguria.

Okkur fannst mjög gaman að geta séð hvert peningurinn frá SÍK fer og sjá hvað hann nýtist vel. Við sáum uppbyggingu húsa, vatnshúsa og fleira sem skiptir sköpum fyrir samfélagið. Kristniþoðið opnar þannig mikla möguleika fyrir fólkið með því að mæta grunnþörfum þeirra.

### Óvæntar upplifanir

Við komumst fljótt að því að starf kristniþoðsins er mun fjölbreyttara en við höfðum gert okkur grein fyrir. Verkefni spanna allt frá líkamlegum þörfum til andlegs stuðnings og menntunar. Það var einstakt að sjá með eigin augum hvernig starf SÍK hefur skilað raunverulegum árangri.

Það sem stóð mest upp úr var þakklæti heimamanna. Það var ómetanlegt að sjá bros á vörum þeirra sem hafa fengið ný tækifæri í lífinu, hvort sem það var vegna



tækifæra til skólagöngu, hreins vatns eða fræðslu á kristnum gildum.

### Áhrif ferðalagsins

Við erum afskaplega þakklát fyrir að hafa fengið að taka þátt í þessu einstaka ævintýri. Ferðin okkar til Afríku hafði djúp áhrif á okkur bæði. Hún gaf okkur nýtt

sjónarmið á lífið og minnti okkur á að meta það sem við höfum. Það var dýrmætt að kynna ólíkum menningarheimum og sjá hvernig við getum haft áhrif með því að leggja okkar af mörkum, sama hversu smátt það virðist vera.

*Ástráður Sigurðsson  
og Salóme Pálsdóttir*

## Áhrif loftárása í Líbanon

Systkini okkar hjá SAT-7 í Líbanon hafa ekki farið varhluta af stríðsátökum í Miðausturlöndum sem eru þau verstu í 20 ár. Fjölmargir Líbanir hafa þurft að flýja heimili sín vegna átakanna. Stúdíó SAT-7 sem sjónvarpar efni til Miðausturlanda og N-Afríku er aðeins í nokkurra kílómetra fjarlægð frá þeim borgarhlutum sem hafa orðið fyrir loftárásam og starfsfólkið þar hefur heyrt og fundið fyrir sprengingunum.

Kristið fólk finnur fyrir ótta og streitu eins og aðrir. Það sama má segja um

starfsfólk SAT-7 en þrátt fyrir að vera illa sofin og finna fyrir áhyggjum hefur það brugðist við neyð áhorfenda með því að miðla von og hvatningu í enn ríkari mæli en áður. Vinsælasta þætti stöðvarinnar, þú ert ekki einn er nú sjónvarpað tvisvar til þrisvar sinnum í viku í beinni útsendingu til þess að uppörva og hvetja fólkið sem þarf virkilega boskap friðar og vonar að halda. Starfsmenn stöðvarinnar eru í sambandi við áhorfendur og benda þeim á kirkjur sem bjóða upp á hjálp og andlegan stuðning. Auk þess hafa kirkjur og margir kristnir einstaklingar opnað heimili sín fyrir fólki á flóttu og kirkjurnar hafa staðið fyrir

matarúthlutunum.

Stríðsátökini bitna einnig á börnum sem óttast ástandið og framtíðina. SAT-7 hefur sjónvarpað þáttum fyrir börn og með börnum til þess að hughreysta þau, sefa ótta þeirra og hjálpa þeim að takast á við það sem er að gerast. Þeim er bent á Jesú sem er myrkrinu og óttanum meiri og þau hvött til að leita skjóls hjá Guði í bæn.

*Fleiri fréttir og þætti er hægt að sjá á heimasíðu SAT-7, <https://sat7.org/>. Þar er einnig hægt að horfa á beinar útsendingar.*

# Við uppsprettuna eftir Öivind Andersen

Hugvekjur fyrir hvern dag ársins.

415 blaðsíður.

Á tilboðsverði á [saltforlag.is](http://saltforlag.is)



Aðrir sölustaðir:

Basarinn (Austurveg, Háaleitisbraut 68)

Skrifstofa SÍK (Miðbær við Háaleitsbraut)

Kirkjuhúsið (í kjallara Bústaðakirkju)

Jatan (Hátún 2)